

# VEIDIMÁLASTOFNUNIN

Regnbogasilungur, niðurstöður  
greiningar á fiski veiddum í Fróóá 16/9 '83.

Þórir Dan Jónsson.

Vesturlandsdeild, Borgarnesi.

X

Veidimálastofnunin  
Vesturlandsdeild, Borgarnesi  
Þórir Dan Jónsson.

Niðurstöður greiningar á fiski veiddum í Fróðá 16/9 '83

Helstu atriði sem notuð voru til greiningar á fiskinum.

1. Útlit fisksins: Þykkur, höfuðið lítið í hlutfalli við bolinn. Styrtilan breið í hlutfalli við fiskinn. Uggar eru litlir í hlutfalli við fiskinn. Dröfnóttur á baki, og bakuggi og sporður alsettir dröfnum. Á sporði voru þrjár til átta dröfnur á hverjum geisla. Á veiðiugga voru 4 dröfnur.

Fiskurinn var silfraður og enginn fjólublár litur var við miðlínu fisksins, en miðlínan var afar greinileg.

Erfitt var að halda fiskinum um styrtiluna því ystu geislar sporðsins voru það mjúkir að sporðurinn lagðist saman og fiskurinn rann því auðveldlega úr greipum mínum.

2. Hreistur, tálknbogar og efra skoltbein (vomen).

Hreistrið á fiskinum er miðlungsstórt og töldust vera 136-140 hreistur eftir miðlínunni. (Hnúðlax hefur minnst 180-240 hreistur eftir miðlínunni.)

Fjöldi "stafa" á fremsta tálknboga var 18, (Hnúðlax (pink salmón) hefur 28 stafi á fremsta tálknboga og ketalax (*Oncorhynchus keta*) hefur 24 stafi á fremsta tálknboga), þar af voru 8 stafir á efri hluta bogans en 10 stafir á neðri hluta bogans. Enginn af stöfunum var verulega hnúðlag eins og fremstu stafirnir eru gjarnan hjá urriða.

Skoltbein (vomen) hafði tennur sem svipar til urriða en ekki lax.

3. Þyngdarstuðull (K), var reiknaður út frá "Fultons" formúlu.

$$\text{þ.e. } K = \frac{\text{Þyngd fisksins í grömmum} \times 100}{(\text{Fisklengd})^3}$$

Fiskurinn var 41.0 cm langur og vó 850 gr.  
(TOTAL LENGTH, A.D. LENGTH)

K reyndist vera 1.4 sem er óvenju hátt fyrir urriða/sjóbirting, en nokkuð algengt hjá regnbogasilungi.

4. Geislar í uggum: Fjöldi geisla í uggum og eins "hálsgeislar" (Branchiostegalis) voru taldir. Fjöldi geisla var eftirfarandi.

Uggi	fjöldi geisla
Bakuggi (dorsal fin)	13
Eyruggar (pectoral fin)	14
Kviðuggar (pelvic fin)	10
Gottraufaruggi (anal fin)	11

10 "hálsgeislar" reyndust vera sitt hvorum megin á fiskinum.

Urriði hefur um 8-10 (oftast 9) geisla í bakugga, en regnbogasilungur hefur um 10-12 geisla í bakugga.

5. Fjöldi hryggjarliða: Fjöldi hryggjarliða á urriða í Þingvallavatni er um 60-61 (Árni Friðriksson). Regnbogasilungur hefur oftast 60-66 hryggjarliði.

Talning á hryggjarliðum í fiskinum sýndi að hann hafði  $63+3 = 66$  hryggjarliði.

#### 6. Hreistur og kvarnir.

Meðfylgjandi myndir sýna ljósrit af tveimur hreistrum af fiskinum. Til samanburðar fylgja einnig ljósrit af tveimur sjóbirtingum, öðrum 42 cm. löngum úr Hagavatni í Staðarsveit, en hinum 60 cm. löngum úr Laxá í Miklaholtshreppi.

Í sjóbirtingshreistrinu sést greinilega ferskvatnsvöxturinn (3 vetur í hreistri á mynd 3, og 4 vetur í hreistri á mynd 4). Snöggar vaxtarbreytingar verða svo þegar fiskurinn fer í fyrsta skipti til sjávar.

Hreistrið af fiskinum (sjá myndir 1 og 2) sýnir ekki nein sérstök umskifti frá ferskvatnslífi og yfir í sjávarlíf, eins og greinilega sést í sjóbirtingshreistrinu. Ennfremur eru vetrarmerki í hreistrinu mjög óskýr og raunverulega illmögulegt að greina sérstaka vetur utan þess sem merktur er sem hugsanlegur vetur í sjávaröldi.

Fiskar í eldi hafa mjög oft hreistur eins og þessi fiskur, þ.e. ógreinileg mörk sumars og veturs og oft eru í hreistrinu svokölluð "false cheks", þ.e. falskir vetur. Á mynd 1 má greina allt að þremur vetrum í hreistrinu, og á mynd 2 má greina allt að fjórum vetrum. Líklega er hér um svokölluð "false cheks" að ræða í a.m.k. sumum tilellana.

Aldursákvörðun á kvörnum fisksins gefur einungis tvo vetur, en þó verður að slá þann varnagla að kvarnirnar eru hálfónýttar og því ekki 100% öruggar.

Ályktanir. Fiskurinn er regnbogasilungur, sem var hafður í eldi en hefur sloppið úr eldisbúri, líklegast á árinu 1983.

Hugsanlegur æviferill regnbogasilungsins gæti hafa verið á eftirfarandi lund. Fiskurinn hefur líklegast klakist út sumarið 1981 og verið í eldisstöð veturinn 1981-1982, en sumarið 1982 er hann settur í sjó, þar sem hann elst upp þar til hann sleppur, líklegast sumarið 1983.

Helstu heimildir.

- Árni Friðriksson. Um murtuna í Þingvallavatni. Náttfr. 9. árg. bls 1-30
- Bent J. Muus og Preben Dahlström. Europas ferskvannsfisk  
Gyldendals forlag 2 utgave 1978
- C. J. Rasmussen. Haandbog i örredopdræt. Rhodos, Köbenhavn 1967
- J. W. Jones. The Salmon. Harper & Brothers 1959
- Oscar Ingebrigtsen (red.) Akvakultur, Oppdrætt av laksefisk.  
NKS. forlaget 1982.
- Kjell W. Jenssen (red.). Sportfiskerens leksikon 1. og 2. bindi  
Gyldendal 1968.
- Scott W. B. & Crossman E. J. Freshwater fishes of Canada.  
Bull. Res. Bd. Can. 184. 1973.
- Trygve Gjedrem (red.) Oppdrett av laks og aure. 2. opplag  
Landbruksforlaget 1981.



Mynd 1

REGNBÓGA SILUNBUR

SEPT. 1983.

LENGD 41.0 cm.

ÞYNGD 850 gr.

HRYGNA, GELD.

$K = 1.4$

VETUR 99

VETUR 99

VETUR 99




HUGSANLEGUR VETUR  
SÍÐAR  
SÍÐAR

Mynd 2

REINBOGA SILVABOK,  
SEPT 1983.

LENGD 41.0 cm.  
ÞYNGD 850 gr.  
HRYGNA, BELD.  
K=1.4



HÖRSANLEGA VETUR  
BJANARELDI

Mynd 3.

SJO BIRTINGUR.

HAFSVAATN, STAÐ

27 ágúst 04

42 cm lengi 8

Nº 8


4V  
 SJAVAR  
 VOXTUR  
 3V  
 2V  
 1V



3 VETUR 7. PERSKU JATNI AÐIR EN  
 HANN HEYDUÐ 7 Fyrsta skipti til sjavars



Mynd 4



12 V  
11 V  
10 V  
9 V  
8 V  
7 V  
6 V  
5 V  
4 V  
3 V  
2 V  
1 V

FLOORSTAMM  
SIÄNÄRÖVÖLÄ SUKUPIN

25/7 82  
Laxi, MIKKU  
HOLTSIKEPPÄ

60 m  
johustinpa